


Umsögn skipulagsfulltrúa – Hraunteigur 19

Lögð fram fyrirspurn Þórunnar Elvu Þorgeirsdóttur, dags. 20. ágúst 2024, um að setja svalir á ris hússins á lóð nr. 19 við Hraunteig.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af Já.is.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Hraunteigur 19 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB21 Teigar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 2. júlí 2002, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir því að fá að koma fyrir svölum á húsinu að Hraunteig 19. Í deiliskipulagi er Hraunteigur 19 á svæði 2. Í deiliskipulagi segir að heimilt er að tilteknu tilliti til annarra skilmála að byggja svalir. Einnig er fjallað um að halda skuli í núverandi þakform og þakkant. 22. apríl 2008 var samþykkt byggingarleyfi fyrir þaksvölum, með skilyrðum, af byggingarfulltrúa Reykjavíkur en þær voru aldrei gerðar og byggingarleyfi því útrunnið.

Í leiðbeiningum hverfisskipulags er fjallað um þaksvalir og útfærslur þeirra.

Þaksvalir ætti að staðsetja þannig að þakið standi áfram sem heildstæður flötur. Við staðsetningu svala í þaki þarf þar að auki að gæta þess að halda hæfilegri fjarlægð frá mæni. Þar sem mænishæð er minni en 3,2 m yfir efsta gólfleti er almennt ekki mögulegt að koma svölum fyrir í þaki. Þaksvalir ættu ekki að fara út fyrir þakkant nema það sé hluti af upprunalegum byggingarstíl hússins.

Þaksvalir skulu ekki ná út fyrir þakkant og mikilvægt er við hönnun og val á staðsetningu nýrra svala að bera virðingu fyrir friðhelgi nágranna.

Niðurstaða

- ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við nýjar þaksvalir á húsinu að Hraunteig 19 svo lengi sem þær uppfylla kröfur í leiðbeiningum hverfisskipulags um útfærslu þaksvala og rjúfi ekki þakkant.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar,
Verkefnastjóri